



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um þrengingar í ýmsum götum og hverfum í Reykjavík (US210278).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 29. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Miklar þrengingar hafa staðið yfir í ýmsum götum og hverfum í Reykjavík á þessu kjörtímabili. Svo miklar þrengingar hefur verið farið í að þær hafa skapað mikla slysaættu og sem dæmi má nefna að nú í haustbyrjun voru gatnamótin af Kringlumýrarbraut upp á Bústaðaveg til vesturs þrengd mjög. Einnig má nefna algjöra lokun Lækjargötunnar á stóru svæði þrátt fyrir að hótélbyggingin þar er komin upp. Lokun bílastæða í miðborginni er svo annar handleggur eins og t.d. við Austurvöll. Á þessum grunni óskar borgarfulltrúi Miðflokksins að fá upplýsingar um:

- 1. Yfirlit yfir allar þrengingar á götum sem farið hefur verið í frá 1. júní 2018 innan borgarmarkanna hvort um sé að ræða borgargötur eða götur sem eru á ábyrgð Vegagerðarinnar.*
- 2. Einnig er óskað eftir yfirliti yfir fækkun allra bílastæða frá 1. júní 2018 í borgarlandinu og þar undir fellur líka fækkun bílastæða sem hefur verið breytt í útisvæði fyrir rekstraraðila.*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 6. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Þrengingar

Á hverju ári ræðst Reykjavíkurborg í fjölda framkvæmda sem hafa áhrif á göturými í borginni. Framkvæmdirnar eru að jafnaði kynntar fyrir og samþykktar af skipulags- og samgönguráði, annað hvort sem deiliskipulagstillaga, tillaga um einstakar aðgerðir eða sem hluti af aðgerðapakka. Tímabundnar þrengingar svo sem vegna framkvæmda eru afgreiddar af umhverfis- og skipulagssviði án aðkomu skipulags- og samgönguráðs.



Af hálfu skrifstofunnar er ekki haldið sérstaklega utan um fjölda „þrenginga“ á götum auk þess sem ekki er víst að allir leggi saman skilning í hugtakið.

Til að skrifstofan geti tekið saman nánara yfirlit yfir aðgerðir þarf að liggja fyrir hvers konar aðgerðir er átt við, svo sem hraðahindranir, breytingar á notkun akreina, breytingar á beygjureinum, breytingar á yfirborðsmerkingum o.s.frv. Rétt er að taka fram að talsverð vinna felst í að útbúa slíkt yfirlit.

Fækkun bílastæða

Fjöldi mismunandi aðgerða getur haft áhrif á fjölda bílastæða sem eru aðgengileg almenningi í borgarlandinu en ekki er haldið sérstaklega utan um áhrif einstakra aðgerða. Vegna fyrirsagnarinnar var tekið saman yfirlit yfir ákvarðanir á grundvelli 84. gr. umferðarlaga sem haft hafa áhrif á bílastæði í Reykjavík.

Frá 1. júní 2018 hefur skipulags- og samgönguráð samþykkt að gera 4 götur að göngugötum og 12 götur að vistgötum en óheimilt er að leggja utan merktra bílastæða á slíkum götum. Ráðið hefur einnig frá sama degi samþykkt að merkja 6 stæði sem vörulosunar- eða rútustæði, 4 stæði fyrir erlend sendiráð, 1 stæði sem safnstæði hópbifreiða, 64 stæði sem eingöngu ætluð bifreiðum til rafhleðslu, 26 sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, 28 almenn bílastæði fyrir hreyfihamlaða, 2 bílastæðaplön sem eingöngu ætluð fólksbifreiðum og stöðubönn á 25 götuköflum.

Jafnframt var tekið saman yfirlit yfir verkefni í umsjón borgarhönnunardeildar sem hafa orðið til þess að bílastæði eru tekin í aðra notkun um lengri tíma. Um er að ræða tvö bílastæði á Melhaga við Hofsvallagötu, eitt bílastæði á Ægisgötu, þrjú bílastæði á Lækjargötu og fjögur bílastæði á Ingólfsstræti. Síðustu tvö sumur hafa rekstraraðilar verið með tímabundin afnotaleyfi af einu bílastæði við Barónsstíg, einu bílastæði við Vitastíg, tveimur bílastæðum við Bankastræti, einu bílastæði við Ingólfsstræti og einu bílastæði við Þingholtsstræti.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri